



KNOW HUBs

Þekkingarsetur, uppbyggjandi
afl í dreifðum byggðum

FRAMUNDAN Í KNOW HUBS VERKEFNINU

KNOW HUBs handbókin. Í kjölfar gagnarannsóknna, viðtala og vinnustofa sem allir samstarfsaðilar KNOW HUBs framkvæmdu var unnið að gerð handbókar. Handbókin mun nýttast til þjálfunar starfsfólks þekkingarsetrana og þannig efla setrin sem 3M í samfélagi sínu.

Þriggja daga námskeið var haldið á Írlandi í september 2019 þar sem kennsluefni handbókarinnar var prófað. Þátttakendur frá öllum samstarfsstofnunum verkefnisins fengu þar þjálfun og innsýn í nauðsynlega hæfni til að:

- 1 Miðla og fræða
- 2 Leiðbeina og hvetja til virkrar þátttöku
- 3 Veita félagslegan stuðning

Kennsluefnið var hannað og þróað af samstarfsaðilum verkefnisins. Handbókin inniheldur kennsluefni fyrir 20 hæfniþætti sem tengjast þeim lykilatriðum sem 3M nálgunin fjallar um. Efnið inniheldur verklegar æfingar og lýsingu á framkvæmd kennslunnar auk ítarefnis. Markmiðið er að stuðla að þjálfun og aukinni færni mannauðs frá Spáni, Svíþjóð, Íslandi, Írlandi, Grikklandi, Rúmeníu og Danmörku til að starfa í anda 3M.

NÝJAR AÐFERÐIR ÞEKKINGARSETRA

Að loknu námskeiðinu á Írlandi skipulagði hver samstarfsstofnun vinnustofu, með 10 þátttakendum hver, þar sem handbókin var kynnt og efni hennar miðlað.

Ein af afurðum verkefnisins er vefsvæði sem nýtt er í þjálfunarhluta þess. Innan vefsvæðisins geta leiðbeinendur og þátttakendur átt samskipti og deilt gögnum sín á milli. Þjálfun verkefnisins og notkun vefsvæðisins miðar að því að aðstoða einstaklinga við að leita tækifæra sinna og efla þá í leik og starfi. Er þá sérstaklega litið til hópa samfélagsins sem þarfnast stuðnings hverju sinni á hverjum stað.



Þátttakendur í þriggja daga námskeiðinu á Írlandi lýstu allir yfir ánægju sinni með fræðsluna. Sérstaklega töldu þeir mikils virði að fá tækifæri til að deila sín á milli þekkingu á nýstárlegum aðferðum sem auka skilning á raunverulegum þörfum einstaklinga innan hvers samfélags.



Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB. Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar. Framkvæmdarstjórn ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.





KNOW HUBs



HVERNIG VIRKAR BLANDAÐA KENNSLUAÐFERÐIN?

Þjálfun KNOW HUBSs verkefnisins grundvallast á notkun vefsvæðisins sem þróað var sem:

- Vettvangur þar sem leiðbeinendur og þátttakendur geta sín á milli deilt skjölum, upplýsingum og átt samskipti.
- Vettvangur sem tengir leiðbeinanda og þátttakanda og gerir þeim kleift að deila hugmyndum sínum og reynslu.
- Vettvangur sem tryggir stöðugan stuðning faglegs leiðbeinanda við þátttakanda.



Evrópska verkefnið „KNOW HUBs“ kynnir fyrir þekkingarsetrum hugtakið „3M: Miðpunktur, miðlari og mótur“ sem sett var fram af prófessorunum Gunnari Grepperud og Terje Thomsen (2001).

Verkefnið er til 25 mánaða og þróað með stuðningi Evrópusambandsins í gegnum Erasmus+ áætlunina.

Fyrir frekari upplýsingar um KNOW HUBs vefsvæðið?

[SMELLTU HÉR](#)

